


LISTVINA FÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR

# HALLGRÍMSKIRKJA 1986-2016

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í TÍLEFNI AF 30 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI HALLGRÍMSKIRKJU



LAUGARDAGINN 29. OKTÓBER KL. 19 & SUNNUDAGINN 30. OKTÓBER KL. 17




## CHARPENTIER: FANFARE J.S BACH: MESSA NR. 1 Í F- DÚR CHARPENTIER: TE DEUM



### FLYTJENDUR:

Mótettukór Hallgrímskirkju  
Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju  
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósopran  
Oddur A. Jónsson bassi  
Auður Guðjohnsen alt  
Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran  
Guðmundur Vignir Karlsson tenór  
Stjórnandi: Hörður Áskelsson



\*\*\*\*\* „Mikill er máttur tónlistarinnar. Tónlistarlífið í Hallgrímskirkju stendur sannarlega í blóma“. „Algerlega dásamlegir tónleikar með hrífandi söng og glæsilegum hljóðfæraleik“. (Salómon eftir Händel, Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin). J.S. Fbl.18.8. 2015

Hátíðlegur lúðrabýtur og pákuslög ásamt glæsilegum söng og hljóðfæraslætti fylla hvelvingar Hallgrímskirkju þegar Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) flytja glæsileg hátíðarverk í tilefni af 30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju, en kirkjan var vígð 26. október 1986. Einsöngvararnir hafa allir tengst listastarfi Hallgrímskirkju um árabil og eru þeirra m.a. meðlimir í Schola cantorum.

Upphafsstef forleiksins að Te Deum eftir franska barokkmeistarann M.A. Charpentier er hin heimspektta tónlist sem allir þekkja sem kynningarstef í útsendingum Eurovision. Lofsöngurinn (Te Deum) er hrífandi verk, dæmigert fyrir tónlist barokktímans, þar sem kór og einsöngvarar skiptast á að flytja textann við fjölbreyttan hljómsveitarundirleik, þar sem ólíkir litir blásturshljóðfæra, trompetta, óbóa og hinna viðkvæmu blokkflauta

undirstrika stemmningar lofsöngsins.

Messa í F-dúr er heillandi meistaraverk sem J.S. Bach byggði á völdum köflum úr öðrum verkum sínum og skiptast þar á glæsilegir kórar og gullfallegar aríur. Verkið er ein af fjórum svokölluðum lúterskum messum sem Bach setti saman í kringum 1740. Fullyrða má að þær séu meðal minnst þekktu meistarasmíða hins fullprosa Bachs og hefur F-dúr messan til að mynda aldrei áður hljómað á tónleikum á Íslandi.

Upphafsverkið á tónleikunum, Marche de triomphe (Sigurmars) eftir Charpentier, kemur öllum í hátíðarskap.

Það verður því sannkölluð hátíðarstemmning í Hallgrímskirkju um kosningahelgina!